

FUNDARGERÐ

FUNDUR Í SAMSTARFSHÓP UM VERNDARÁÆTLUN DYRÓLAEYJAR

Dags.fundar 9.12.2020	Tími 16:00-18:00	Staður Umhverfisstofnun - Teams	Nr. fundar
Fundarboðandi: UST		Fundarritari: Daníel Freyr	
Fundarmenn: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Magnús Freyr Sigurkarlsson og Daníel Freyr Jónsson (UST), Ágúst Valfells (landeigandi) og Einar Freyr Elínarson (oddviti)			
Afrit sent til: Allra fundarmeðlima			
Markmið fundar: Fara yfir lokadrög verndaráætlunar Dyrólaeyjar, ásamt greinargerð.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
1	Guðbjörg fer yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi í kjölfar kynningar á verndaráætluninni. Í haust var fundað með æðarbóndanum í eyggi, auk þess sem fundað var með Vegagerðinni í kjölfar ábendinga sem bárust vegna verndaráætlunarinnar. Lítil vinna eftir og vonast til að eftir þennan fund verði hægt að afgreiða áætlunina frá Umhverfisstofnun og senda inn í ráðuneyti.		
2	Farið yfir greinargerð og viðbrögð UST við ábendingar og umsagnir sem bárust á kynningartíma. M.a. bárust ábendingar er varða endurskoðun friðlýsingar og Einar spyr hvert ferlið sé þar, sem Guðbjörg og Daníel útskýra. Markmið endurskoðunar hennar verður að skýra tilgang friðlýsingar og finna svæðinu viðeigandi friðlýsingarflokk. Skýrsla barst frá fuglafræðingi vegna Dyrhólaóss og það Ágúst um að fá þá skýrslu. Farið nokkuð ítarlega yfir öll svörin, m.a. breytinga í texta vegna ábendinga frá Minjastofnun og Vegagerðinni. Ágúst kemur með ábendingar við umsögn Minjastofnunar, þar sem ásókn í Dyrhólaey veldur álagi á nærliggjandi svæðum, t.d. Loftsalahelli. Nokkrar umræður skapast um aðkomu að lundavarpinu á Brestnefi eftir ábendingar sem bárust. Gert er ráð fyrir fuglaskoðunarhúsi en skoða þarf vel hvort það sé óþarft. Ábendingar um legu stíga og skilta. Ágúst tekur undir að sennilega sé of mikið af skiltum. Einar bendir á að Mýrdalshreppur hafi ekki verið upplýstur um fyrirhugaðar vegbætur Vegagerðarinnar upp á Háey, sem Vegagerðin féll frá eftir samtali við UST og tekur Ágúst í sama streng. Umhverfisstofnun var ekki kunnugt um framkvæmdirnar nema vegna umsagnar vegna stjórnunar- og verndaráætlunar. Engar veigamiklar breytingar voru gerðar á greinargerð eftir yfirferð samstarfshóps.		
3	Farið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á verndaráætluninni sjálfri. M.a. hafa verið gerðar viðbætur í aðgerðum sem snúa að tilraun við endurheimt kríuvarps. Ábendingar frá Vegagerðinni, Minjastofnun og fleiri enduðu sem viðbætur eða breytingar á áætluninni. Lítið um efnislegar breytingar, en lagfæringar hafa verið gerðar á orðalagi og		

	uppsetningu texta. Í reglurnar var bætt inn undantekningum vegna umgengni á lokunartíma eyjarinnar að vori.		
4	Að lokum farið yfir aðgerðaáætlunina. Ágúst kemur með ábendingar varðandi skilti sem hugmynd er að setja upp og minnir á að gæta þurfi hófs í uppsetningu þeirra.		
5	Einar óskaði eftir að fá áætlunina senda eftir leiðréttingar og áður en hún fer til samþykktar þar sem hann vill kynna hana fyrir sveitarstjórn. Gert er ráð fyrir að sá fundur verði í næstu viku.		

